

Ed.

544. Viðaukatilaga

við frumvarp til fjáráukalaga fyrir árið 1923.

Flutningam.: Björn Kristjánsson.

Við 7. gr.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Stjórninni er heimilt að endurgreiða hlutafjlaginu Viði í Hafnarfirði, sem fullnaðarendurgreiðslu, tekjuskattinn 1920 af tekjum þess 1918 með 20 þúsund krónum, og hlutafjlaginu Ými í Hafnarfirði tekjuskatt fyrir sama ár og með sama skilyrði 10 þúsund krónur.

Ástæður.

Hlutafjlaginu Viði var gert að greiða tekjuskatt 1920 samtals kr. 32045,00 og hlutafjlaginu Ými kr. 15100,00. En engum öðrum slíkum hlutafjelögum á landinu var gert að greiða neinn tekjuskatt þetta ár, samkvæmt þá gildandi lögum. Til þess að komast hjá málarekstri við ríkissjóð út af þessum skatti, vilja bæði fjelögin sætta sig við endurgreiðslu þá, sem breytingartillagan nefnir, og falla frá kröfu um 2 ára vexti.